

4. stjórnarfundur HSV starfsárið 2016-2017. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, miðvikudaginn 9.11.16 kl. 16.30.

Mættir eru Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Karl Ásgeir Ásgeirsson, Ingi Björn Guðnason og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð. Páll Janus Þórðarson, Elín Marta Eiríksdóttir, Heimir Hansson, Elísa Stefánsdóttir og Hildur Elísabet Pétursdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Getraunanúmerið 400
2. Kreditkort HSV

Fundargerð

1. Getraunanúmerið 400
Íþróttafélagið Vestri hyggst fara af stað með tippleik. Hafa þeir óskað eftir að fá til afnota getraunanúmerið 400 sem HSV notaði þegar það var með sinn tippleik í gangi. Stjórn HSV samþykkir erindið að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem verði endurskoðuð eftir getraunaárið 2017-2018. Eitt skilyrðanna er að ef getraunaleikur Vestra hætti þá komi númerið 400 aftur til HSV. Framkvæmdastjóra HSV falið að ræða við stjórn Vestra um frekari útfærslu.
2. Formaður leggur til að stofna kreditkortareikning á nafni HSV. Stjórn samþykkir.